

KIRKJUGARÐARÁÐ

144. fundur haldinn mánudaginn 9. október 2017 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráð sem stýrði fundi, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins, Forföll boðuðu Ragnhildur Benediktsdóttir og Smári Sigurðsson.

1. Fundur settur kl. 14:05 og fundargerð síðustu tveggja funda (142 og 143) lagðar fram og samþykktar.
2. Úttekt á ársreikningum 2016 vegna 20 stærstu kirkjugarða landsins. – Þórsteinn Ragnarsson kynnir. Hækkun á fjármagni til kirkjugarða milli 2017 og 2018 er 16 m.kr. eða 1,43%. Launavísatala hækkaði um 7,26% frá júní 2016 til 2017. Launakostnaður kirkjugarða í flokkum 1-7 er nánast enginn. En launakostnaður í 8. flokki er að meðaltali 47% af lögb tekjum. Í 9. flokki 70% og í 10 flokki 82% af lögbundnum tekjum. Nefndin lagði til að Jóhannes Finnur Halldórsson kæmi á fund ráðsins og ræddi við það á hugsanlegri breytingu á innri skiptingu framlags ríkisins til kirkjugarða landsins.
3. Húsafellslegsteinar: ástand, skráning og varðveisla. Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnir. Varðveittir 83 Húsafellssteinar. Mest í Borgarfirði en einhverjir fyrir norðan. Tveir eru varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands. Steinarnir hafa verið að veðrast og er erfitt að lesa á suma þeirra. Húsafellsmenn vilja reisa lítið hús í Húsafelli þar sem sýndir verða 20 – 25 legsteinar. Þeir eru smíðaðir úr móbergi sem upprunið er í Bæjargilinu. Forvarsla fari fram í samráði við Minjastofnun Íslands. Guðmundur Rafn hafði rætt við Þór Magnússon um að skrifa um steinana.
4. Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða og fleiri sjóði. Guðmundur Rafn kynnti. Sóknarnefndir hafa verið að spyrja hann að möguleikum á styrkjum. Vegna lítilla möguleika á að sækja í Kirkjugarðasjóð hefur Guðmundur Rafn bent þeim á aðra möguleika.
5. Önnur mál.

Fundi var slitið kl. 15:50.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari